

# Stofnunarsamningur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Sálfræðingafélags Íslands

## 1. Gildissvið

Samningur þessi nær til sálfræðinga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum HSS.
- Að launakerfið stuðli að því að stofnunin hafa alltaf á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem vinnur að einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til starfsþróunar og að vaxa og dafna í starfi.
- Að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan HSS.

## 3. Starfalýsingar og röðun

- Starfaflokkar eru skilgreindir og grunnraðað í launaflokka með eftirfarandi hætti. Grunnröðun í launaflokka byggir m.a. á skipuriti, starfslýsingu og umfangi og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.
- Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun Cand.psych/MSc skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:
- Diplóma (60 ECTS einingar) = 1 lfl.
- Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 2 lfl.
- Doktorsgráða (180 einingar) = 3 lfl.

<b>Grunnröðun</b>	<b>Skýringar</b>
<b>Launafl. 12</b>	<b>Sálfræðingur 1:</b> Sálfræðingur á fyrsta starfsári í faggreininni. Vinnur almenn sálfræðistörf, sálfræðimat og ráðgjöf undir leiðsögn reyndari sálfræðings.
<b>Launafl. 13</b>	<b>Sálfræðingur 2:</b> Sálfræðingur eftir að jafnaði eitt ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við sálfræðiathuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi starfsstöðvar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.
<b>Launafl. 14</b>	<b>Sálfræðingur 3:</b> Sálfræðingur sem sinnir sömu verkefnum og sálfræðingur 2 að viðbættum sérhæfðum verkefnum (t.d. framkvæmd hópmeðferðar, umsjón með sérhæfðri greiningarvinnu, ADHD greining/meðferð fullorðinna, umsjón með nemum). Sálfræðingur í geðheilsuteymi telst vera að lágmarki sálfræðingur 3.
<b>Launafl. 15</b>	<b>Sálfræðingur 4:</b> Sálfræðingur sem hefur með höndum teymisstjórn eða tekur þátt í stefnumótun sálfræðilegrar þjónustu HSS (t.d. innleiðingu á nýjum þjónustupætti eða umbætur á þjónustu). Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum.
<b>Launafl. 18-1</b>	<b>Deildarstjóri:</b> Er yfirsálfræðingur og faglegur yfirmaður sálfélagslegrar þjónustu HSS og ber ábyrgð á henni. Ber þrjúþætta ábyrgð í samræmi við ábyrgðarsvið stjórnenda á HSS. Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Deildarstjóri hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun starfsstöðvar.

#### 4. Mat á einstökum þáttum

Til viðbótar þeim þáttum sem ákvarða grunnröðun, skv. 3. gr., skal meta persónubundna þætti sem gera viðkomandi sálfræðing hæfari í starfi. Þannig er vinnuveitanda gefið svigrúm til að meta þætti til launa sem ekki var krafist við ráðningu starfsins. Eftirfarandi þættir skulu metnir umfram grunnröðun skv. 3. gr. sem álag á láréttum ás.

##### 4.1. Viðbótarmenntun, reynsla og færni

Tryggja skal að áhugi og framtak starfsmanns við að afla sér endur- og símenntunar og aukinnar þekkingar leiði til launahækkunar. Hér skal einnig taka tillit til handleiðslu sem er nauðsynleg til að tryggja gæði í störfum sálfræðinga. Áhrif endur- og símenntunar taka mið af eftirtöldum greinum.

##### 4.1.1 Viðbótarnám

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun, skv. grein 3.1 bætast álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi, umfram Cand.psych. eða MSc.-gráðu sem leiðir til starfsleyfis sem sálfræðingur, sem hér segir:

Diplóma (30 ECTS einingar)= 1 álagsþrep

Diplóma (60 ECTS einingar) = 2 álagsþrep

Meistaragráða (90 – 120 ECTS einingar) = 4 álagsþrep

Doktors- eða sambærilega gráða (180 ECTS einingar) = 6 álagsþrep

Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

Hækkun vegna sérnáms (viðbótarnám/menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo að þrep sem áunnist hefur á fyrri stigum koma til frádráttar.

#### 4.1.2 Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

##### 4.1.2. a)

- |           |  |        |
|-----------|--|--------|
| 1. áfangi | 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar eða 20 ECTS einingar | 1 þrep |
| 2. áfangi | 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar eða 40 ECTS einingar | 1 þrep |
| 3. áfangi | 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar eða 60 ECTS einingar | 1 þrep |

Sérfræðileyfi frá Embætti landlæknis 1 launaflokkur og 1 þrep.

Álagsþrep vegna viðbótarmenntunar, skv. 4.1.2. og 4.1.2. a skulu þó aldrei verða fleiri 1 launaflokkur og 4 þrep.

#### 4.2. Starfsreynsla

- Laun sálfræðings eftir 3 ár í starfi skulu hækka um 1 þrep.
- Laun sálfræðings eftir 5 ár í starfi skulu hækka um 1 þrep.
- Laun sálfræðings eftir 10 ár í starfi skulu hækka um 1 þrep.
- Laun sálfræðings eftir 15 ár í starfi skulu hækka um 1 þrep.
  
- Laun sálfræðings sem starfað hefur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í 2 ár skulu hækka um 1 lfl.

#### 4.3. Sérstakt álag

Sérstakt álag, 1 þrep greiðist til sálfræðinga sem eru í 100% starfshlutfalli á HSS, sjá nánar bókun 1.

#### 4.4. Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 4.1. til 4.3., umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

#### 5. Tímabundin hækkun, hæfnislaun og verkefni umfram grunnkröfur starfs

Heimilt er að hækka laun starfsmanns um allt að tvö álagsþrep ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur að mati yfirmanns, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti. Slík verkefni skulu hafa upphafs og lokatíma þó ekki styttri en 3 mánuðir og ekki lengri en 24 mánuðir.

- Aukið álag í starfi.

- Starfsmaður hefur umsjón með sálfræðipjónustu á fleiri en einni starfsstöð HSS eða starfar í fleiri en einu teymi.
- Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu með stofnunum utan HSS.
- Starfsmaður hefur umsjón með stærri verkefnum.
- Starfsmaður sem ekki er teymisstjóri en gegnir stefnumótandi hlutverki varðandi sálfræðipjónustu í teymi eða er eini sálfræðingurinn í teyminu (2 þrep).
- Starfsmaður stýrir, að beiðni framkvæmdastjórnar, fastanefnd á vegum HSS.

Álag þetta sætir endurskoðun, ekki sjaldnar en árlega.

## 6. Viðbótarlaun

Heimilt er að greiða viðbótarlaun umfram reglubundin mánaðarlaun. Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tekin af forstöðumanni og vera í samræmi við reglur fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslur viðbótarlauna. Fjárhæð viðbótarlauna skal byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Greiða má viðbótarlaun í allt að sex mánuði en ef tilefni er til er heimilt að framlengja greiðslur þeirra um þrjá mánuði í senn en þó aldrei lengur en í tvö ár samfelld.

## 7. Réttur til handleiðslu

Sálfræðingur á fyrsta starfsári nýtur reglulegrar handleiðslu yfirsálfræðings HSS.

Sálfræðingar 2, 3 og 4 sem starfar hjá HSS skulu eiga rétt á allt að 9 handleiðslutímum á ári utan stofnunar miðað við 100% starf en annars hlutfallslega. Við lok hverrar handleiðslulotu skal sálfræðingur framvísa handleiðsluvottorði til yfirsálfræðings.

Ef yfirsálfræðingur er ekki starfandi á HSS eða handleiðslumál er utan hans fagsviðs skal sálfræðingur á fyrsta ári njóta sömu handleiðsluréttinda og aðrir sálfræðingar.

## 8. Réttur til endurskoðunar á röðun og ágreiningsmál

Telji starfsmaður að röðun hans í launaflokk og þrep sé röng miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11. gr. kjarasamninga.

**9. Samstarfsnefnd**

Um samstarfsnefnd vísast til greinar 11 í samningi þeim er þessi samningur byggir á.

**10. Grundvöllur og gildistími**

Samningur þessi er gerður á grundvelli 11. greinar kjarasamnings Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. september 2021.

Reykjanesbæ, 01. október 2021

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

F.h. Sálfræðingafélags Íslands

## **Bókun 1**

Í ljósi mönnunarvanda varðandi sálfræðinga á HSS greiðist sérstakt álag til sálfræðinga sem eru í 100% starfshlutfalli hjá stofnuninni. Um tilraunaverkefni er að ræða og verður grein 4.4. endurskoðuð, með tilliti til árangurs, við gerð næsta stofnanasamnings aðila.

## Bókun 2

Samkomulag hefur verið í gildi milli sálfræðinga sem starfa á HSS og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja um að sálfræðingar sem búa á höfuðborgarsvæðinu geti keyrt til starfsstöðvar á vinnutíma.

Aðilar eru sammála um að láta reyna á tilraunaverkefni, sem felst í því að sálfræðingur sem skilar fullri vinnuskyldu á starfsstöð miðað við starfshlutfall (að teknu tilliti til styttingar vinnuvikunnar) fái greitt 1 þrep.

Um tilraunaverkefni er að ræða sem verður endurskoðað, með tilliti til árangurs, við gerð næsta stofnanasamnings aðila.



## Viðauki I

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlístun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Þau stéttarfélög sem aðild eiga að stofnanasamningi þessum samþykkja hann með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun.

# Undirritunarsíða

Anna María Frímansdóttir

Helga Hauksdóttir

Alma María Rögnvaldsdóttir

Erna Björk Einarsdóttir

Sveinn Gunnar Hálfánarson